

**29. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38, 16. október 2017 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Árni Traustason (ÁT), byggingafulltrúi og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Davíð Rúnar Gunnarsson, slökkviliðsstjóri

**Dagskrá:**

Sigurvin vék af fundi undir þessum lið.

**1. Norður botn. H1, umsókn um byggingarleyfi, lokun vatnshreinsikerja. - 1709003**

*Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir þökum yfir vatnshreinsiker við H1, í Norður-Botni, landnr.140294. Erindinu fylgja uppdráttir unnir af Vigfúsi Halldórssyni, dags. 04.09.2017.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar erindinu og óskar eftir frekari gögnum.*

**2. Umsókn um byggingarleyfi. Nýr eldsneytisgeymir á bryggjunni á Tálknafirði. - 1710010**

*Erindi frá Skeljungu hf. Í erindinu er sótt um aðstöðu fyrir olúgeymi til afgreiðslu báta við Tálknajarðarhöfn. Sótt er um aðstöðu fyrir 10.000 lítra tvöfaldan olúgeymi með lekaeftirliti, ásamt afgreiðslubúnaði. Erindinu fylgja uppdráttir frá Mannvit dags. 09.10.2017.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar erindinu og óskar eftir undirritun umsókar.*

**3. Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039**

*Tekin fyrir endurnýjuð fyrirspurn frá Guðmundi Má Ástþórssyni og Dagnýu Steinsdóttir, sett fram á uppdrátti dagsett Ágúst 2017.*

*Ætlunin er að byggja viðbyggingu, með hótélherbergjum, norðaustan og suðaustan við núverandi hús sem verður nýtt fyrir móttöku og veitingar ásamt því að sýningar, tengdar sögu Tálknafjarðar, og ráðstefnuaðstaða verða á efri hæð.*

*Gamla húsið verður gert upp og varðveitt í sem upprunalegstri mynd. Viðbygging verður látlaus og verður hæð hennar haldið fyrir neðan þakskegg Dunhaga þannig að gamla húsið verð ríkjandi.*

29. fundur  
5. mars 2018

*Forsenda þess að þetta sé mögulegt er að færa spennistöð og hefur málið verið kynnt Orkuveitu Vestfjarða.*

*Óskað er eftir að fá að breyta aðalskipulagi.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að farið verði í breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps þar sem umræddum reit, S5 verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði sem og opnu svæði sem umlykur reitinn. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:40.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LI)

---

Árni Traustason (ÁT)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)